

## Ársfundur SFSÍ haldinn á Húsavík dagana 19.-20. október 2001

Dagskráin hófst föstudaginn 19. október kl. 12:00 með hádegisverði.

Voru fundarmenn boðnir velkomnir til Húsavíkur.

Vegna seinkunar á flugi frá Reykjavík hófst fundurinn ekki fyrr en kl. 14:15. Þorkell Jónsson frá Samey flutti fyrirlestur um stjórnbúnað á sundstöðum. Teiknaði Þorkell upp skýringarmyndir og kom með glærur til að sýna. Kom meðal annars fram í máli hans að það er tæknilega hægt að stýra öllum gildum. Blæðing vatns ætti að vera óþörf í sundlaug.

Urðu umræður og fyrirspurnir að erindi Þorkels loknu.

Á undan fyrirlestri Gauta Hanssonar talaði Erlingur Jóhannsson. Bar hann kveðjur frá Reyni Karlssyni, íþróttafulltrúa ríkisins. Þá minntust fundarmenn fyrrverandi íþróttafulltrúa, Þorsteins Einarssonar.

Erlingur miðlaði enn einu sinni af þekkingu sinni um hin ýmsu efni sem sundlaugarfólk er að fást við.

Sem formála að erindi Gauta sagði Erlingur að tilraunaverkefni hefði verið í Árbæjarlaug sem hefði gefist vel. Vandamál varðandi bundinn klór sem hefði verið til staðar þar væru horfinn.

Gauti Hansson talaði næstur. Hélt hann fróðlegan fyrirlestur um UV geislun til að ná niður bundnum klór. Kom m.a. fram í máli hans að geislun á vatni kæmi best að notum í lokuðu sundlaugarkerfi. Perurnar sem notaðar eru kosta um kr. 50.000.- og duga í um 8.000 tíma. Ef slökkt og kveikt er á perunum duga þær helmingi styttra.

Urðu umræður um þetta mál.

Gauti bauðst til að senda þeim sem þess óskuðu fyrirlesturinn í tölvupósti. [gauti@velaverk.is](mailto:gauti@velaverk.is) Kaffi var drukkið á meðan Gauti flutti sinn fyrirlestur.

### **19. október kl. 16:25 var hinn formlegi aðalfundur settur í húsakynnum hótelsins á Húsavík.**

Fundarstjóri var kosinn Sigmundur Stefánsson og Gunnar Hauksson fundarritari.

Fundarstjóri gaf formanni félagsins, Stefáni Má Guðmundssyni, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Sjá fskj.1.

Kom meðal annars fram í máli hans að menn ættu að vera á varðbergi varðandi tölvuvírusa. Þá ræddi hann um áhuga þann sem er á samstarfi félaganna þriggja, þ.e. SFSÍ, FÉFÍ og íþróttafulltrúa.

Jón Hjálmarsson gerði reikningsskil. 2. Kom í ljós að félagið stendur mjög vel.

Lagði Jón til að árgjaldið yrði óbreytt kr. 6.000.- Var það samþykkt samhljóða.

Umræður urðu engar. Voru reikningar og skýrsla samþykkt samhljóða.

Við liðinn lagabreytingar ræddi Hartmann Kárason, Bláa lóninu, um hverjir væru gjaldgengir á fundinum. Í lögum kæmi fram að fulltrúar frá opinberum stöðum ættu seturétt. Hann kæmi frá einkareknum stað. Var hugleiðingum Hartmanns vísað til stjórnar.

Ekki tóku fleiri til máls.

#### Stjórnarkjör

Formaðurinn, Stefán Már, kvaddi sér hljóðs og sagði að hann væri ekki lengur starfandi forstöðumaður. Hann hefði hins vegar verið kosinn til tveggja ára á síðasta aðalfundi. Gerði hann að tillögu sinni að Ólafur Gunnarsson yrði næsti formaður til eins árs. Voru þessar breytingar samþykktar.

Fyrir í stjórn voru Hafliði Halldórsson, Einar Sturlaugsson og Guðmundur Baldursson. Jón Hjálmarsson og Einar Sturlaugsson eiga að ganga úr stjórn. Kom fram tillaga um að Jón og Einar yrðu endurkjörnir til tveggja ára. Var það samþykkt. Nýr í stjórn er Bjarni Gunnarsson

Skoðunarmenn voru kjörnir Stefán Kjartansson og Pétur Birgisson.

Ólafur Gunnarsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir traustið. Ræddi hann m.a um að félagar mættu vera viljugri að taka að sér stjórnarstörf.

Jón Hjálmarsson skilaði kveðju frá Guðmundi Haraldssyni, Stefái Kjartanssyni, Jónínu og Vigni í Vestmannaeyjum.

Hafliði ræddi um hvort ekki væri hægt að fara með næsta fund til Svíþjóðar með styrk frá félaginu. Því var vísað til stjórnar. Fleira ekki gert.

Formlegum fundi slitið kl. 16:55.

#### Skoðunarferð

Kl. 17:00 var farið í rútu og ekið að Hitaveitu Húsavíkur. Þar var tekið vel á móti fundarmönnum með veitingum og fræðslu um hitaveituna. Sigurpáll Ásgeirsson tók á móti fundarmönnum. Kom meðal annars fram í máli hans að 2/3 af rafmagnsþörf bæjarins er framleitt úr umframhita vatnsins sem notað er til húsahitunar.

Kl. 18:30 var ekið til Húsavíkur.

Kl. 20:00 var sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.

Er ekki að orðlengja það en allur viðgjörningur af hálfu hótelsins var til mikillar fyrirmyndar. Maturinn var góður svo og þjónustan öll.

Var mikil stemmning þetta kvöld þar sem Haukur Sig. og Hreinn Halldórsson spiluðu. Þá voru heimatilbúin skemmtiatriði að venju.

#### **Laugardaginn 20. október var fundi framhaldið.**

KL. 10:15 tók Heiðar Jónsson frá V.G.K. til máls og flutti fyrirlestur um tæknimál í sundlaugum. Fyrirkomulag var þannig að fjórir félagar sátu við borð (panell) og komu inn í eftir því sem þurfa þótti. Þeir sem sátu við borðið voru Erlingur, Ólafur, Gísli Lór. og Sveinn Rúnar.

Urðu miklar umræður um alla þætti fyrirlestrar Heiðars. Var þetta mjög fróðlegt í alla staði. Kl.. 12:12 lauk Heiðar máli sínu.

Gísli Lórenz talaði næstur og ræddi um rekstur sundstaða. Vildi hann að það mál yrði tekið fyrir á næsta fundi.

Gunnar Hauksson ræddi um fyrirkomulag funda félagsins. Vísaði hann því til stjórnar að uppbygging aðalfundarins yrði endurskoðuð.

Fleira var ekki tekið fyrir á þessum velheppnaða fundi og fundi slitið kl. 12:30.

Gunnar Hauksson  
fundarritari

## Ársfundur SFSÍ haldinn á Laugarvatni 3. og 4. nóvember 2000

Fundurinn var haldinn í húsakynnum Íþróttakennaraskólans.

Eftir hádegisverð var óformlegur fundur settur af formanni, Ólafi Gunnarssyni kl. 13:00. Formaður gerði tillögu um að Kjartan Lárusson yrði fundarstjóri. Samþykkt. Fór fram kynning á fundarmönnum og stóðu fundarmenn hver á eftir öðrum og kynntu sig með nafni og frá hvaða vinnustað þeir kæmu.

Gengið var til dagskrár.

Fyrstur til að taka til máls var íþróttafulltrúi Reykjavíkur, Erlingur Jóhannsson.

Hann talaði um og kynnti reglur um hollustuhætti og öryggi á náttúrulegum baðstöðum.

Drögin lágu fyrir á fundinum.

Skýrði fyrirlesari ýtarlega hverja grein fyrir sig. Kom margt fróðlegt fram í máli Erlings.

Hann lauk máli sínu kl. 13:30.

Fyrirspurnir voru margar. Til máls tóku Guðmundur Þ. Harðarson, Hartmann Kárason, Stefán Már, Haukur Sigurðsson, Vignir Sveinsson, Lúðvík Karlsson, Sveinn Rúnar og fl.

Lauk fyrirspurnum kl. 13:57.

Fundarhlé var gert kl. 14:00.

Fundi var framhaldið kl. 14:15.

Hrefna Kristmannsdóttir var næsti fyrirlesari.

Ræddi hún um jarðhita, heilsuþöð og baðmenningu.

Fór Hrefna m.a. í eðli jarðhitasvæða og fl. Fræddi hún fundarmenn um markaðssetningu ferðapjónustu, flokkun jarðhitavatsns svo og ölkelduvatsns. Erfðafræði vatns voru gerð skil.

Járn, flúor og jod finnast ekki á Íslandi. Geislavirkt vatn finnast ekki eða í mjög litlum mæli.

Hún ræddi einnig um leir.

Erindi Hrefnu var ýtarlegt og fróðlegt. Lauk hún máli sínu kl. 15:40.

Ólafur Grímur Björnsson lækni var á fundinum. Spunnust umræður og spurningar á meðan Hrefna flutti sitt erindi. Tóku margir til máls.

Í framhaldi af erindi Hrefnu flutti Ólafur Grímur fróðlegt erindi um lækningu vatns og leirs.

Kom meðal annars fram að leir er góður til að halda hita að liðnum sem á að lækna.

Lækningarmáttur leirs felst í hitaleiðninni.

Var gert kaffihlé kl. 16:07.

Fundi var framhaldið kl. 16:15.

Ólafur Gunnarsson formaður flutti stuttan fyrirlestur um tæknimál.

Formlegur aðalfundur var settur á sama stað af formanni Ólafi Gunnarssyni

3. nóvember kl. 16:25.

Gerði hann tillögu um Kjartan Lárusson sem fundarstjóra og Gunnar Hauksson sem fundarritara. Var tillagan samþykkt.

Flutti Ólafur skýrslu stjórnar. Sjá fylgiskjal 1.

Áður en skýrslan var flutt var minnst tveggja félaga sem létust á árinu þeirra Magnúsar Georgssonar og Úlfars Haraldssonar.

Gjaldkeri Jón Hjálmarsson tók til máls og gerði reikningsskil. Niðurstaðan var að tekjur umfram gjöld voru kr. 225.205. Sjá fylgiskjal 2.

Reikningar og skýrsla voru samþykkt samhljóða.

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir.

Árgjald var samþykkt óbreytt kr. 6.000.-

Næst var gengið til stjórnarkjörs.

Formaður var kosinn Stefán Már Guðmundsson.

Meðstjórnendur: Hafliði Halldórsson til tveggja ára. Sigurður Hafberg gekk úr stjórn, Fyrir var Einar Sturlaugsson.

Skoðunarmenn voru kjörnir þeir Stefán Kjartansson og Pétur Magnússon.

Guðmundur Harðarson tók til máls og flutti kveðjur frá Þorsteini Einarssyni.

Bjarni Helgason flutti kveðjur frá Sigurði Hafberg.

Stefán Már nýkjörinn formaður tók til máls og þakkaði traustið. Hvatti hann m.a. félagsmenn til að nýta sér samtökin.

Ólafur Gunnarsson gaf skýringu á því af hverju fyrirlestur um stjórnþunað á sundstöðum var tekinn af dagskrá.

Þá sagði Ólafur að áhugi væri fyrir að þrjú félög sameinuðust, þ.e. félag sundstaða, félag íþróttahúsa og félag íþróttafulltrúa.

Þá bar Erlingur fram kveðju frá Reyni Karlssyni, íþróttafulltrúa ríkisins.

Haukur Sigurðsson, Hafliði Halldórsson, og Jón Hjálmarsson tóku einnig til máls.

Boð Húsvíkinga var þegið með þökkum um að halda næsta fund á Húsavík.

Ekki tóku fleiri til máls og var fundi slitið kl. 16:55.

Um kvöldið var snæddur kvöldverður á veitingastaðnum Lindinni. Var matur frábær svo og stemmningin á staðnum.

Laugardaginn 4. nóvember var dagskrá fram haldið.

Kl. 9:00 hófs tölvunámskeið fyrir þá félaga sem skráðu sig til þátttöku. Stóð námskeiðið til kl. 13:00.

Var gerður góður rómur að þessari nýbreytni í starfinu.

KL. 15:00 var fundinum endanlega slitið.

Gunnar Hauksson

fundarritari